

Nefndarsvið Alþings
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. apríl 2002 2002040290


Alþingi
Erindi nr. P 127/1910
komudagur 15.4.2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um alþjóðleg viðskiptafélög varðandi heimild slíkra félaga til að semja og birta ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Með bréfi, dags. 11. apríl 2002, var óskað umsagnar embættis ríkisskattstjóra um þingmál 668, frumvarp til laga um breytingu á lögum um alþjóðleg viðskiptafélög. Óskað var eftir að umsögn bærist eigi síðar en sunnudaginn 14. apríl 2002.

Frumvarp þetta er flutt til þess að samræmis verði gætt á milli ákvæða laga um alþjóðleg viðskiptafélög annars vegar og laga um bókhald og ársreikninga hins vegar að því er varðar heimild félaga til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið. Ríkisskattstjóri er sammála þessu sjónarmiði og telur að allar sömu reglur eigi að gilda um alþjóð viðskiptafélög og önnur íslensk félög. Ríkisskattstjóri benda þó á misræmi í orðanotkun í frumvarpinu þar sem í tvisgang í frumvarpsgreininni er notuð orðin „erlendum gjaldeyri“ þar sem í ný samþykktum breytingum á fyrr nefndum lögum er notuð orðin „erlendum gjaldmiðli“ sbr. og fyrirbyggjandi frumvörp að breytingum á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög er lúta að heimild til að skrá hlutabréf í erlendum gjaldmiðli. Ríkisskattstjóri leggur því til að í stað orðsins „gjaldeyri“ komi: gjaldmiðli.

Virðingarfyllt



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri